Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Fax: 486 6120 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is

4. gr.

Þjónusta við grunnskóla skal fara fram á starfstíma skóla samkvæmt skóladagatali.

- Ef skóli er lokaður af einhverjum orsökum s.s. vegna veðurs,

- Ef skólastjóri ákveður að bekkir þurfi að vera heima.
- Séu börn veik /fjarverandi.Við framangreindar aðstæður greiðist fæðiskostnaður fyrir fyrstu 4 kennsludagana, en ekki ef fjarvera er lengri.

Starfsfólk Þjórsárskóla annast gæslu í matsal og greiðir skólinn allan kostnað vegna gæslunnar.

5. gr.

Starfsfólki rekstraraðila í mötuneytinu ber að verða við kvaðningu skólayfirvalda um að mæta tvisvar til þrisvar á ári til fundar eða til að sækja námskeið sem starfssvið fólks í mötuneytum. Skeiða- og Gnúpverjahreppur sér um greiðslu fyrir námskeið.
Starfsfólk rekstraraðila í mötuneytinu skal gera sér far um að eiga vinsamleg samskipti við nemendur og starfsfólk grunnskóla. Rekstraraðila og starfsfólki er skylt að gæta þagmælsku um einkamál nemenda og forráðamanna þeirra, er þau fá vitneskju um. Sama gildir um önnur trúnaðarmál skóla. Þagmælska helst þó látið sé af störfum.

6. gr.

Samningur þessi tekur gildi 1. ágúst 2021 og gildir til 1. ágúst 2024. Heimilt er að taka samninginn til endurskoðunar verði verulegar breytingar á forsendum. Samningurinn er uppsegjanlegur af beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara. Komi fram breytt tilhögum eða ágreiningur um atriði sem ekki eru tilgreind í samningi þessum skulu samningsaðilar leitast við að leysa þau mál hið fyrsta.

7.gr.

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Suðurlands. Samningur þessi er gerður í tvíriti og heldur hvor aðili sínu eintaki.

24. maí / B
Árnesi 2021

Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps

f.h. Skeiða- Gnúpverjahrepps

Hrönn Brandsdóttir
f.h. Árnes Íslandi ehf

Vottar að réttri undirskrift, dagsetningu og fjárræði:

Hrönn Jónsdóttir 1402863039
Nafn Kennitala

230860 4939
Nafn Kennitala

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Fax: 486 6120 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is

# SAMNINGUR

## um mötuneyti fyrir Þjórsárskóla, Leikholts og starfsfólk Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnesi.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur kt. 540602-4410, hér eftir nefndur leigusali og Árnes Íslandi ehf kt. 560317-1070, hér eftir nefndur rekstaraðili gera með sér svohljóðandi samning um rekstur mötuneytis fyrir nemendur og starfsfólk Þjórsárskóla, leikskólans Leikholts og annað starfsfólk Skeiða- og Gnúpverjahrepps, auk eldri borgara.

1. gr.

Rekstraraðili tekur að sér að framleiða og bera fram mat fyrir nemendur og starfsfólk Þjórsárskóla, leikskólans Leikholts og annað starfsfólk Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Auk þeirra eldri borgara búsettra í sveitarfélaginu er þess óska. Skólastjóri Þjórsárskóla kemur fram fyrir hönd Skeiða- og Gnúpverjahrepps varðandi framkvæmd samningsins þegar um er að ræða málefni og samskipti varðandi nemendur og starfsfólk Þjórsárskóla. Sveitarstjóri kemur fram varðandi aðra þætti samningsins.

2. gr.

Rekstraraðili tekur að sér að framreiða, hádegisverð 4-5 daga vikunnar fyrir eftirtalda:

- Nemendur, leikskólabörn kennara, starfsfólk og aðra sem koma að skólastarfi í grunnskóla (s.s. sérfræðinga ofl.
  auk kennara Tónlistarskóla Árnesinga.)
- Starfsfólk Skeiða- og Gnúpverjahrepps
- Vinnuskóla sveitarfélagsins
- Aðra á vegum sveitarfélagsins enda sé um það beðið af sveitarstjóra með minnst dags fyrirvara.

Rekstraraðili skal gefa út matseðil fyrir hvern mánuð, til birtingar fyrir nemendur foreldra og starfsfólk. Matseðill skal falla að stöðlum manneldisráðs um næringargildi s.s. fiskur, ávextir, ferskt grænmeti og nýjar kartöflur (sjá kafla um mötuneyti í skólanámskrá Þjórsárskóla og handbók fyrir skólamötuneyti ásamt öðru fræðsluefni sem gefið er út af Lýðheilsustöð.) Matseðli skal skila til skólastjóra Þjórsárskóla með nægum fyrirvara til að hægt sé að birta hann á heimsíðu skólans. Jafnframt skal matseðill vera aðgengilegur fyrir starfsfólk leikskóla og sveitarfélagsins.

3. gr.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur greiðir Árnesi Íslandi ehf kr. 920, á hvert skólabarn fyrir hverja máltíð og kr. 1.250 á mann, fyrir starfsfólk grunnskóla. Fyrir barn í leikskóla er greitt 620 kr pr máltíð og 1.250 kr. pr máltíð fyrir starfsfólk leikskóla. Ekki er lagður virðisaukaskattur á máltíðir vegna nemenda og starfsfólks í leik- og grunnskóla. Fyrir máltíðir til annarra starfsmanna sveitarfélagsins og eldri borgara er greitt 1.250 kr pr. máltíð. Við það verð bætist virðisaukaskattur. Umrætt verð tekur breytingum 1. ágúst ár hvert á samningstímanum samkvæmt vísitölu neysluverðs. Stig vísitölunnar er 493,4 stig í febrúar 2021. Skeiða- og Gnúpverjahreppur annast innheimtu á mötuneytisgjöldum.
Rekstraraðili gerir Skeiða- og Gnúpverjahreppi reikning fyrir hverja stofnun (grunnskóli, leikskóli ,sveitarfélag) þar sem sundurliðaður er fjöldi nemenda og starfsmanna í mat hverju sinni. Skólastjóra grunnskóla, leikskólastjóra, ásamt sveitarstjóra ber að samþykkja reikninga áður en til greiðslu þeirra kemur. Gjalddagi er 5. dagur hvers mánaðar eftir á.

HB